*Endurskoðunarstofan*
*Álit ehf.*

# Ársreikningur
# 2011

Hvalfjarðarsveit

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Áritun stjórnenda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8-9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-21 |
| Rekstraryfirlit | 22 |


Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími : 433 8500
Fax : 433 8501

Kt. 630606-1950

*Endurskoðunarstofan*
*Álit ehf.*

# Áritun endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins en engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hvalfjarðarsveitar á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar**
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 10. apríl 2012.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

Jón Þór Hallsson

Löggiltur endurskoðandi

# Áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 569,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 546,1 millj. kr. Engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,23% en lögbundið hámark þess er 14,48%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,47% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall þess. Auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C flokki um allt að 25%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 265,7 millj. kr. og voru ársverk um 38 en fjöldi starfsmanna 51.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 79 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 103,8 millj. kr. tekjuafgangi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 2.050,2 millj. kr. og heildarskuldir 146,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.903,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2011 er tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvalfjarðarsveit, 23. mars 2012.

**Sveitarstjóri:**

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2011 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvalfjarðarsveit, 10. apríl 2012.

**Sveitarstjórn:**

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | Áætlun | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | | |
| Útsvör og fasteignaskattar ............................................ | | 457.186.119 | 432.558.700 | 423.765.243 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ............................................... | | 64.169.865 | 59.946.000 | 79.156.958 |
| | 6 | 521.355.984 | 492.504.700 | 502.922.201 |
| Aðrar tekjur .................................................................. | | 48.540.718 | 53.602.900 | 87.158.790 |
| | 3 | 569.896.702 | 546.107.600 | 590.080.991 |
| **Gjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............................................ | 7 | 265.712.997 | 232.175.722 | 231.555.854 |
| Annar rekstrarkostnaður .............................................. | 8 | 218.745.906 | 203.134.801 | 184.639.524 |
| | 3 | 484.458.903 | 435.310.523 | 416.195.378 |
| Afskriftir ................................................................... | 3,11 | 32.864.909 | 30.909.700 | 25.095.841 |
| | 10 | 517.323.812 | 466.220.223 | 441.291.219 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði ............................. | | 52.572.890 | 79.887.377 | 148.789.772 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .............................. | 3,9 | 24.032.168 | 23.950.400 | 40.533.402 |
| Áhrif dótturfélaga ........................................................ | | 2.405.708 | | 766.745 |
| | | 26.437.876 | 23.950.400 | 41.300.147 |
| **Rekstrarniðurstaða** ......................................................... | 1,2,5, 31,32 | **79.010.766** | **103.837.777** | **190.089.919** |

| | |
|---|---|
| Lykiltölur ..................................................................... | 30 |
| Önnur mál ................................................................... | 26-29 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir:

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir, lóðir og lendur ............ | | 1.051.065.305 | 673.941.857 |
| Veitukerfi ............ | | 17.723.599 | 17.596.721 |
| Gatnamannvirki ............ | | 34.357.025 | 35.098.727 |
| Bifreiðar ............ | | 4.183.358 | 4.961.498 |
| Búnaður ............ | | 40.695.643 | 6.640.000 |
| | 3,11,14 | 1.148.024.930 | 738.238.803 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutar í félögum ............ | 15 | 805.490.172 | 801.963.124 |
| Langtímakröfur ............ | 16 | 29.920.135 | 33.465.071 |
| | 3 | 835.410.307 | 835.428.195 |
| Fastafjármunir | | 1.983.435.237 | 1.573.666.998 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir ............ | | 3.848.766 | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Óinnheimtar tekjur ............ | 3 | 33.705.115 | 45.359.831 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna ............ | | 4.501.976 | 5.565.220 |
| Aðrar skammtímakröfur ............ | | 21.053.802 | 12.536.580 |
| Skammtímakröfur samtals | 17 | 59.260.893 | 63.461.631 |
| Handbært fé ............ | 3 | 3.680.577 | 241.656.640 |
| Veltufjármunir | | 66.790.236 | 305.118.271 |
| Eignir utan efnahagsreiknings ............ | 3 | | |
| **Eignir samtals** | 21 | **2.050.225.473** | **1.878.785.269** |

# 31. desember 2011

## Eigið fé og skuldir:

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eigið fé | 18 | 1.903.428.892 | 1.824.418.126 |
| Eigið fé samtals | | 1.903.428.892 | 1.824.418.126 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 3,19 | 133.969 | 122.725 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 3,20 | 32.663.985 | 815.484 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 38.553.492 | 30.505.005 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 3.194.114 | 815.484 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 72.251.021 | 22.108.445 |
| | | 113.998.627 | 53.428.934 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 146.796.581 | 54.367.143 |
| Skuldbindingar utan efnahagsreiknings | 4,22-24 | | |
| Tengdir aðilar | 25 | | |
| Önnur mál | 26-29 | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 21 | **2.050.225.473** | **1.878.785.269** |

# Sjóðstreymi árið 2011

| | Skýr. | 2011 | Áætlun | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ..................................................... | | 79.010.766 | 103.837.777 | 190.089.919 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Söluhagnaður eigna .................................................. | | | (12.000.000) | (41.273.816) |
| Afskriftir ................................................................. | | 32.864.909 | 30.909.700 | 25.095.841 |
| Áhrif dótturfélaga ..................................................... | | (2.405.708) | | (766.745) |
| Verðbætur og gengismunur ...................................... | | (2.866.596) | (690.000) | (1.607.534) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga ................................. | | 11.244 | | 18.100 |
| Veltufé frá rekstri | | 106.614.615 | 122.057.477 | 171.555.765 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | |
| Birgðir, breyting ....................................................... | | (3.848.766) | | |
| Skammtímakröfur, breyting ..................................... | | 3.137.494 | (4.000.000) | (15.980.213) |
| Skammtímaskuldir, breyting .................................... | | 58.191.063 | (5.884.000) | 3.611.679 |
| Breytingar | | 57.479.791 | (9.884.000) | (12.368.534) |
| Handbært fé frá rekstri | | 164.094.406 | 112.173.477 | 159.187.231 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ................ | | (442.651.035) | (341.075.000) | (176.866.118) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ................................ | | | 15.000.000 | 49.823.161 |
| Fjárfesting í eignarhlutum ........................................... | | | (5.500.000) | (5.500.142) |
| Fjárfestingarframlög ................................................... | | | | |
| Langtímakröfur, eigin fyrirtæki ................................... | | | | |
| Langtímakröfur, breyting ............................................ | | 6.413.410 | | 4.461.362 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (436.237.625) | (331.575.000) | (128.081.737) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Tekin ný langtímalán ................................................... | | 35.000.000 | 35.000.000 | |
| Afborganir langtímalána ............................................. | | (832.844) | (750.000) | (756.203) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 34.167.156 | 34.250.000 | (756.203) |
| (Lækkun) Hækkun á handbæru fé ................................... | | (237.976.063) | (185.151.523) | 30.349.291 |
| Handbært fé í ársbyrjun .................................................... | | 241.656.640 | 241.656.640 | 211.307.349 |
| **Handbært fé í árslok .......................................................** | | **3.680.577** | **56.505.117** | **241.656.640** |

# Skýringar

**Um sveitarfélagið:**

1. Hvalfjarðarsveit er sveitarfélag við norðanverðan Hvalfjörð á Vesturlandi. Þar bjuggu 624 manns þann 1. desember 2011. Stjórnsýsluskrifstofa sveitarfélagsins er að Innrimel 3.

**Reikningsskilin:**

*Grundvöllur reikningsskilanna*

2. Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar árið 2011 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, en allur rekstur þess fellur undir A hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

   Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en birtar eru viðbótarupplýsingar í skýringum í samræmi við ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga og auglýsingu ráðuneytisins.

   Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

**Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:**

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

*a.* *Innlausn tekna*

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi, s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda eru reiknuð sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og færð í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

*b.* *Færsla gjalda*

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

**Skýringar, frh.:**

*c.* *Verðlags- og gengisviðmið*

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

*d.* *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

*e.* *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrar-fjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | Ár |
|---|---|
| Fasteignir | 25 og 40 |
| Bifreiðar | 7 |
| Áhöld og tæki | 5-7 |
| Götuljósakerfi | 25 |
| Gatnakerfi | 25 |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

*f.* *Eignahlutir í félögum og stofnunum*

Hlutabréf Spalar hf. eru færð til eignar á framreiknuðu kaupverði samkvæmt ákvæðum í bréfunum um verðtryggingu þeirra. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði.

Eignarhlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003.

Eignarhluti í Faxaflóahöfnum sf. er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við stofnun.

Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

*g.* *Langtímakröfur*

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtíma-krafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

*h.* *Birgðir*

Birgðir af vörum eru metnar á kostnaðarverði.

**Skýringar, frh.:**

*i.* *Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

*j.* *Handbært fé*

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

*k.* *Eignir utan efnahagsreiknings*

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

*l.* *Lífeyrisskuldbinding*

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2011. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

*m.* *Langtímaskuldir*

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

*n.* *Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í sundurliðunum ársreikningsins og skýringum 22-24.

*o.* *Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 31-32.

## Skýringar, frh.:

*Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

4. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í sundurliðunum ársreikningsins og skýringu.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

5. Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum. Í yfirliti hér að aftan er birt rekstraryfirlit málaflokka í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun.

## Rekstrartekjur:

6. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Ársreikningur | Áætlun |
|---|---|---|
| *Útsvör og fasteignaskattar* | | |
| Útsvar | 201.855.346 | 182.000.000 |
| Fasteignaskattur | 253.349.225 | 248.616.700 |
| Lóðaleiga | 1.981.548 | 1.942.000 |
| | 457.186.119 | 432.558.700 |
| *Framlög Jöfnunarsjóðs* | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 21.965.846 | 20.000.000 |
| Framlög vegna grunnskóla | 36.336.951 | 37.250.000 |
| Önnur framlög | 5.867.068 | 2.696.000 |
| | 64.169.865 | 59.946.000 |
| Skatttekjur samtals | 521.355.984 | 492.504.700 |
| *Aðrar tekjur* | | |
| Þjónustutekjur | 30.171.028 | 26.251.100 |
| Eignatekjur | 8.217.841 | 7.399.300 |
| Endurgreiðslur | 7.295.683 | 3.003.000 |
| Söluhagnaður eigna | | 12.000.000 |
| Aðrar tekjur | 2.129.467 | 5.000.000 |
| | 48.540.718 | 53.602.900 |
| Rekstrartekjur samtals | 569.896.702 | 546.107.600 |

## Laun og launatengd gjöld:

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Föst laun | 170.237.141 | 157.446.077 |
| Yfirvinna | 16.483.135 | 11.057.200 |
| Önnur laun | 22.970.396 | 12.674.100 |
| Ökutækjastyrkur | 5.667.279 | 4.904.400 |
| Launatengd gjöld | 50.078.472 | 45.439.345 |
| Annar starfsmannakostnaður | 276.574 | 654.600 |
| | 265.712.997 | 232.175.722 |

Við árslok var 51 starfsmaður í starfi hjá Hvalfjarðarsveit, starfsmenn skiluðu 38 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslur sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 16,3 millj. kr. á árinu.

**Skýringar, frh.:**

## Annar rekstrarkostnaður:

8. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | Ársreikningur | Áætlun |
|---|---|---|
| Vörukaup og viðhaldsvörur | 30.978.159 | 35.820.700 |
| Prentun, sími og auglýsingar | 5.000.512 | 3.195.800 |
| Akstur og flutningsgjöld | 23.706.348 | 21.695.500 |
| Risna og ferðakostnaður | 4.774.619 | 1.835.200 |
| Sérfræðiþjónusta | 29.147.083 | 16.272.400 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 23.344.236 | 39.052.100 |
| Leigugreiðslur | 5.140.887 | 2.820.401 |
| Orkukaup | 10.373.670 | 7.155.700 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | 20.182.770 | 16.256.500 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | 2.686.464 | 2.172.900 |
| Styrkir og framlög | 62.805.434 | 56.857.600 |
| Niðurfærsla og annar kostnaður | 605.724 | |
| | 218.745.906 | 203.134.801 |

## Fjármagnsliðir:

9. Fjármagnsliðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| *Fjármunatekjur:* | | |
| Tekjur af eignahlutum | 16.071.429 | 18.137.200 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 10.686.617 | 8.780.000 |
| | 26.758.046 | 26.917.200 |
| *Fjármagnsgjöld:* | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 775.188 | 966.800 |
| Fjármagnstekjuskattur | 1.950.690 | 2.000.000 |
| | 2.725.878 | 2.966.800 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 24.032.168 | 23.950.400 |

## Heildaryfirlit um rekstur:

10. Yfirlit um rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun, er hér að aftan.

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

11. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Gatnagerð og veitukerfi | Bifreiðar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 1.206.334.191 | 75.531.491 | 22.684.509 | 1.304.550.191 |
| Afskrifað áður | (532.392.333) | (22.836.043) | (11.083.011) | (566.311.387) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 673.941.858 | 52.695.448 | 11.601.498 | 738.238.804 |
| Viðbót á árinu | 402.437.616 | 2.473.352 | 37.740.067 | 442.651.035 |
| Afskrifað á árinu | (25.314.169) | (3.088.176) | (4.462.564) | (32.864.909) |
| Bókfært verð í árslok | 1.051.065.305 | 52.080.624 | 44.879.001 | 1.148.024.930 |
| | | | | |
| Heildarverð samtals | 1.608.771.807 | 78.004.843 | 60.424.576 | 1.747.201.226 |
| Afskrifað samtals | (557.706.502) | (25.924.219) | (15.545.575) | (599.176.296) |
| Bókfært verð í árslok | 1.051.065.305 | 52.080.624 | 44.879.001 | 1.148.024.930 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2-4% | 4% | 15% | |

**Skýringar, frh.:**

*Fjárfesting*

12. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu greinist þannig:

| | Fjárfesting ársins | Fjárhagsáætlun |
|---|---|---|
| Lóðir og lendur | 5.047.410 | |
| Heiðarskóli nýbygging | 395.140.408 | 337.400.000 |
| Leikskólinn Skýjaborg | 110.404 | 2.055.000 |
| Stjórnsýsluhús | 2.139.394 | |
| Gatna- og veitukerfi | 2.473.352 | 1.620.000 |
| Búnaður | 37.740.067 | |
| Samtals | 442.651.035 | 341.075.000 |

***Fasteignamat og vátryggingarverð***

13. Vátryggingarmat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátryggingar-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Gunnskólahúsnæði | 27.127.000 | 659.681.000 | 647.548.490 |
| Leikskólar | 35.376.000 | 89.958.000 | 77.564.560 |
| Íþróttamannvirki | 9.150.000 | 39.402.000 | 17.538.673 |
| Aðrar þjónustubyggingar | 216.133.000 | 828.119.000 | 252.491.966 |
| Leiguíbúðir | 59.530.000 | 124.223.000 | 8.487.714 |
| Land og lóðir | 142.463.000 | | 47.433.901 |
| Veitumannvirki | 8.500.000 | 82.159.000 | 17.723.599 |
| Gatnagerð | | | 34.357.025 |
| Bifreiðar | | 2.490.000 | 4.183.358 |
| Búnaður | | 68.092.000 | 40.695.643 |
| Samtals | 498.279.000 | 1.894.124.000 | 1.148.024.929 |

***Tryggingaverð lausafjármuna***

14. Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

| | Vátryggingamat |
|---|---|
| Fræðslu- og uppeldismál | 67.549.000 |
| Menningarmál | 26.471.000 |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 1.788.000 |
| Skipulags- og byggingamál | 2.306.000 |
| Sameiginlegur kostnaður | 20.791.000 |
| Vatnsveita | 823.000 |
| Samtals | 119.728.000 |

**Eignarhlutir:**

15. Eignarhlutir í félögum og stofnunum greinast þannig:

| | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2011 |
|---|---|---|
| *Hlutabréf* | | |
| Búhöldur ehf. | 3,75 | 200.000 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | | 19.027.500 |
| Sorpurðun Vesturlands hf. | 3,89 | 863.000 |
| Spölur hf. | 11,64 | 22.360.465 |
| | | 42.450.965 |

**Skýringar, frh.:**

| *Dótturfélög* | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Vatnsveitufélag Hvalfjarðar sf. | 50 | 24.619.534 |
| Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. | 50 | 37.926.639 |
| | | 62.546.173 |

Sveitarfélagið hefur atkvæðisrétt og stjórnunarlega ábyrgð í hlutfalli við eignarhluta sinn í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðar sf. Í Hitaveitufélagi Hvalfjarðar sf. er sveitarfélagið með eitt atkvæði af 21 og á einn fulltrúa í þriggja manna stjórn. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í ársreikninginn.

| *Sameignarfélög* | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Byggðasafnið í Görðum | 10 | 8.605.723 |
| Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili | 10 | 34.565.939 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 1,55 | 5.049.883 |
| Faxaflóahafnir sf. | 9,24 | 648.653.612 |
| Heilbrigðiseftirlit Vesturlands | 3,83 | (118.401) |
| Heilbrigðisstofnun Vesturlands | 9,3 | 2.758.751 |
| Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi | 3,87 | 710.621 |
| Símenntunarmiðstöð Vesturlands | 7,28 | 266.906 |
| | | 700.493.034 |
| Samtals eignarhlutar | | 805.490.172 |

**Langtímakröfur:**

16. Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | Nafnvextir | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | | 39.030.291 |
| Nýjar langtímakröfur | | |
| Afborgun á árinu | | (6.412.658) |
| Verðbætur | | 1.804.478 |
| Langtímakröfur samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 3,5-4,5% | 34.422.111 |
| Næsta árs afborganir | | (4.501.976) |
| | | 29.920.135 |

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímakrafna þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2012 | 4.501.976 |
| Árið 2013 | 4.501.976 |
| Árið 2014 | 4.501.976 |
| Árið 2015 | 4.501.976 |
| Árið 2016 | 4.223.492 |
| Síðar | 12.190.715 |
| Langtímakröfur samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 34.422.111 |

**Skammtímakröfur og verðbréf:**

17. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 7.000.000 |
| Afskrifaðar kröfur | (199.409) |
| Gjaldfærð niðurfærsla ársins | 4.589.409 |
| | 11.390.000 |

**Skýringar, frh.:**

**Eigið fé:**

18. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Eignasjóður | Aðalsjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 302.285.922 | 1.522.132.204 | 1.824.418.126 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (4.147.896) | 83.158.662 | 79.010.766 |
| | 298.138.026 | 1.605.290.866 | 1.903.428.892 |

**Lífeyrisskuldbinding:**

19. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttindin hafa verið reiknuð út og færð í ársreikninginn. Reiknuð lífeyrisréttindi að fjárhæð 134 þús., sem byggð eru á útreikningi tryggingastærðfræðings frá árslokum 2008, hafa verið uppreiknuð með launavísitölu og eru færð í rekstrarreikning og á móti til skuldar á efnahagsreikning.

**Langtímaskuldir:**

20. Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

| | Nafnvextir | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Staða langtímaskulda í ársbyrjun | | 1.630.968 |
| Tekin ný lán | | 35.000.000 |
| Afborgun á árinu | | (832.844) |
| Verðbætur | | 59.975 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 5,5% | 35.858.099 |
| Næsta árs afborganir | | (3.194.114) |
| | | 32.663.985 |

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímaskulda þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2012 | 3.194.114 |
| Árið 2013 | 2.428.287 |
| Árið 2014 | 2.524.205 |
| Árið 2015 | 2.623.911 |
| Árið 2016 | 2.727.555 |
| Síðar | 22.360.027 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 35.858.099 |

**Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A hluta í árslok:**

21. Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinast þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður | 100% | 1.743.501.196 | 138.210.330 | 1.605.290.866 |
| Eignasjóður | 100% | 1.178.287.445 | 880.149.419 | 298.138.026 |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | (871.563.168) | (871.563.168) | |
| Heildarstaða eigna og skulda í A hluta | | 2.050.225.473 | 146.796.581 | 1.903.428.892 |

**Skuldbindingar og samningar:**

22. Ábyrgðaskuldbindingar:

Hvalfjarðarsveit er í einfaldri ábyrgð fyrir lánum að eftirstöðvum 27,3 millj. kr. vegna Sorpurðunar Vesturlands hf. Ábyrgðin er í hlutfalli við eignarhluta sveitarfélagsins í félaginu og veitt skv. heimild í 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki hefur verið innheimt ábyrgðargjald vegna þessarar ábyrgðar. Jafnframt er sveitarfélagið í hlutfallslegri ábyrgð, miðað við samanlagða íbúatölu, fyrir skuldbindingum eigin fyrirtækja og stofnana, svo sem Faxaflóahafna sf., Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og annarra sameignarfélaga sbr. skýringu nr. 15.

**Skýringar, frh.:**

23. Þjónustu- og verksamningar:

    Í árslok eru í gildi verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sveitarfélagið á næstu árum. Útgjöld vegna þeirrra eru gjaldfærð þegar þau falla til.

24. Húsaleigusamningar:

    Sveitarfélagið hefur ekki gert langtímasamninga um leigu húsnæðis.

**Tengdir aðilar:**

25. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.
    Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

**Önnur mál:**

26. Samningur sveitarfélagsins við Innova ehf. kvað á um uppbyggingu íbúðarsvæðis í landi Kross í Hvalfjarðarsveit, m.a. um afhendingu á leikskóla á tilteknu byggingarstigi, gerð gatna, gangstétta, stíga og opinna svæða. Félagið varð gjaldþrota og hefur Reginn ÞR1 ehf. nú yfirtekið eignir félagsins í Landi Kross. Hvalfjarðarsveit hefur gert samkomulag við Reginn ÞR1 ehf. um að félagið ljúki þeim framkvæmdum sem Innova ehf. átti að ljúka á íbúðarsvæðinu Kross 1. Samkvæmt samkomulaginu skal Reginn ÞR1 ehf. afsala til Hvalfjarðarsveitar, án greiðslu, lóð úr landi Fögrubrekku undir leikskóla.

27. Landeigandi í sveitarfélaginu hefur gert bótakröfu á hendur sveitarfélaginu vegna meintrar verðrýrunar jarðar sinnar sem er talin afleiðing af framkvæmd deiliskipulags á nærliggjandi jörð. Bótakrafa var dæmd á sveitarfélagið í Héraðsdómi Vesturlands, en þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Aðrar bótakröfur og kærumál eru uppi á hendur sveitarfélaginu vegna skipulags- og byggingamála, s.s. vegna meintra galla á fasteign vegna þess að byggingareftirliti hafi verið áfátt, vegna gildistöku skipulags um iðnaðarsvæði við Grundartanga og þynningarsvæði frá því. Líklegt er að sveitarfélagið verði fyrir kostnaði af eigin lögfræðiaðstoð vegna þessara mála.

28. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks sem Alþingi samþykkti í desember 2010 var málaflokkurinn fluttur frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Við yfirfærslu verkefnisins breyttist skattheimta ríkis og sveitarfélaga á samsvarandi hátt. Tekjuskattur ríkisins var lækkaður og útsvarsálagning sveitarfélaganna var hækkuð mótsvarandi (1,20 prósentustig). Fyrirkomulag fjárstreymis til sveitarfélaganna vegna þessa verkefnis er með þeim hætti að 0,95% stig af útsvarshækkuninni eru færð beint frá Fjársýslu ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en 0,25% stig eru greidd til viðkomandi sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga deilir síðan þeim fjármunum sem renna til sjóðsins til þeirra aðila, sem annast málefni fatlaðs fólks, hvort sem það eru einstök sveitarfélög, sveitarfélög í samstarfi, byggðasamlög eða landshlutasamtök. Sveitarfélögin á Vesturlandi gerðu með sér samning í október 2010 um sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða. Við gerð ársreikningsins lá ekki fyrir uppgjör um ráðstöfun þeirra tekna Hvalfjarðarsveitar sem renna til sameinginlegs þjóustusvæðis Vesturlands um þjónustu við fatlaða, sá hluti útsvars sem greiddur er beint frá Fjársýslunni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er því ekki tekjufærður í ársreikninginn.

29. Sameinaður leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla 1. ágúst 2011. Haustið 2011 flutti grunnskólasvið sameinaðs skóla í nýtt 2.002 fm. húsnæði sem staðsett er á lóð gamla grunnskólans.

## Skýringar, frh.:

## Lykiltölur:

30. Lykiltölur greinast þannig:

| | 2011 | Áætlun | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Í hlutfalli við rekstrartekjur:*** | | | | | |
| Útsvar | 35,42% | 33,33% | 30,37% | 32,25% | 34,25% |
| Fasteignaskattur | 44,46% | 45,53% | 41,13% | 43,51% | 36,68% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 11,26% | 10,98% | 13,41% | 13,90% | 13,20% |
| Lóðarleiga | 0,35% | 0,36% | 0,32% | 0,28% | 0,28% |
| Skatttekjur samtals | 91,48% | 90,18% | 85,23% | 89,95% | 84,40% |
| Aðrar tekjur | 8,52% | 9,82% | 14,77% | 10,05% | 15,60% |
| Rekstrartekjur samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | 46,62% | 42,51% | 39,24% | 43,12% | 41,42% |
| Annar rekstrarkostnaður | 38,38% | 37,20% | 31,29% | 36,50% | 41,84% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskiftir | 14,99% | 20,29% | 29,47% | 20,39% | 16,74% |
| Afskriftir | 5,77% | 5,66% | 4,25% | 4,05% | 3,73% |
| Fjármagnsliðir | 4,22% | 4,39% | 6,87% | 6,20% | 7,18% |
| Áhrif dótturfélaga | 0,42% | 0,00% | 0,13% | | |
| | 86,14% | 80,99% | 67,79% | 77,47% | 79,82% |
| Rekstrarniðurstaða | 13,86% | 19,01% | 32,21% | 22,53% | 20,18% |
| Veltufé frá rekstri | 18,71% | 22,35% | 29,07% | 24,94% | 20,05% |
| Fjárfestingarhreyfingar | 76,55% | 60,72% | 21,71% | 30,75% | 10,61% |

| ***Í krónum á íbúa:*** | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Skatttekjur | 835.506 | 815.109 | 776.250 | 692.338 | 576.406 |
| Aðrar tekjur | 77.790 | 141.262 | 86.775 | 127.983 | 85.031 |
| Laun og launatengd gjöld | 425.822 | 375.293 | 372.109 | 339.781 | 276.977 |
| Annar rekstrarkostnaður | 403.222 | 339.928 | 349.944 | 373.885 | 315.079 |
| Fjármagnsliðir og aðrir liðir | 42.368 | 66.937 | 53.487 | 58.875 | 47.048 |
| Rekstrarniðurstaða | 126.620 | 308.087 | 194.459 | 165.530 | 116.429 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Eignir | 3.285.618 | 3.045.033 | 2.629.287 | 2.369.129 | 2.090.083 |
| Eigið fé | 3.050.367 | 2.956.918 | 2.547.034 | 2.297.523 | 2.000.888 |
| Skuldir | 235.251 | 88.115 | 82.253 | 71.606 | 89.195 |
| **Sjóðstreymi** | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 170.857 | 278.048 | 215.221 | 164.442 | 143.558 |
| Handbært fé frá rekstri | 262.972 | 258.002 | 211.332 | 142.286 | 182.538 |
| ***Aðrar lykiltölur:*** | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum | 0,31 | 0,00 | 0,01 | 0,02 | 0,05 |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldum | 0,59 | 5,71 | 5,23 | 6,57 | 4,52 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagni | 93% | 97% | 97% | 97% | 96% |
| Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjum | 26% | 9% | 10% | 9% | 13% |
| Útsvarsprósenta | 14,23% | 13,03% | 13,03% | 11,61% | 11,61% |
| Fasteignaskattsprósenta A-liður | 0,470% | 0,470% | 0,470% | 0,470% | 0,470% |
| Fasteignaskattsprósenta B-liður | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,110% |
| ***Íbúafjöldi:*** | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember (heimild Hagstofa Íslands) | 624 | 617 | 626 | 641 | 683 |
| Breyting frá fyrra ári | 1,13% | (1,44%) | (2,34%) | (6,15%) | 11,42% |

**Samanburður rekstraráætlunar:**

31. Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Upphafleg fjárhagsáætlun | Viðaukar við fjárhagsáætlun | Fjárhagsáætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Útsvör og fasteignaskattar | 432.558.700 | | 432.558.700 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 59.946.000 | | 59.946.000 |
| Aðrar tekjur | 53.602.900 | | 53.602.900 |
| | 546.107.600 | 0 | 546.107.600 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 220.893.699 | 11.282.023 | 232.175.722 |
| Annar rekstrarkostnaður | 189.764.801 | 13.370.000 | 203.134.801 |
| Afskriftir | 30.909.700 | | 30.909.700 |
| | 441.568.200 | 24.652.023 | 466.220.223 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði | 104.539.400 | (24.652.023) | 79.887.377 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 23.950.400 | | 23.950.400 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **128.489.800** | **(24.652.023)** | **103.837.777** |

**Samanburður sjóðstreymisáætlana:**

32. Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2011 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Upphafleg fjárhagsáætlun | Viðaukar við fjárhagsáætlun | Fjárhagsáætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 128.489.800 | (24.652.023) | 103.837.777 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður eigna | (12.000.000) | | (12.000.000) |
| Afskriftir | 30.909.700 | | 30.909.700 |
| Verðbætur og gengismunur | (690.000) | | (690.000) |
| Veltufé frá rekstri | 146.709.500 | (24.652.023) | 122.057.477 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | |
| Skammtímakröfur, breyting | (4.000.000) | | (4.000.000) |
| Skammtímaskuldir, breyting | (5.884.000) | | (5.884.000) |
| Breytingar | (9.884.000) | | (9.884.000) |
| Handbært fé frá rekstri | 136.825.500 | (24.652.023) | 112.173.477 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | (336.575.000) | (4.500.000) | (341.075.000) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 15.000.000 | | 15.000.000 |
| Fjárfesting í eignarhlutum | (5.500.000) | | (5.500.000) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (327.075.000) | (4.500.000) | (331.575.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | 35.000.000 | | 35.000.000 |
| Afborganir langtímalána | (750.000) | | (750.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 34.250.000 | | 34.250.000 |
| (Lækkun) á handbæru fé | (155.999.500) | (29.152.023) | (185.151.523) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 241.656.640 | | 241.656.640 |
| **Handbært fé í árslok** | **85.657.140** | **(29.152.023)** | **56.505.117** |

## Hvalfjarðarsveit

# Rekstraryfirlit árið 2011

Fjárhæðir eru í þús. kr.

| **Aðalsjóður:** | **Tekjur** | Laun og launatengd gjöld | Framlög og styrkir | Innri leiga/ þjónusta | Annar rekstrar-kostnaður | Afskriftir | Fjármagns-liðir, nettó | **Rekstrar-gjöld nettó** | **Rekstrar-niðurstaða** | Áætlun | Frávik frá áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur ............................................ | **524.927** | | | | | | | | **524.927** | 495.088 | 29.839 |
| 02 - Félagsþjónusta ...................................... | **3.174** | 12.622 | 25.476 | 7.102 | 6.122 | | | **51.322** | **(48.148)** | (34.045) | (14.103) |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál ....................... | **20.880** | 177.454 | 13.642 | 66.648 | 63.828 | | | **321.572** | **(300.692)** | (266.629) | (34.063) |
| 05 - Menningarmál ....................................... | **4.442** | 3.629 | 4.736 | 18.809 | 4.629 | | | **31.803** | **(27.361)** | (26.341) | (1.020) |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál ....................... | **3.743** | 8.158 | 3.460 | 3.474 | 6.229 | | | **21.321** | **(17.578)** | (17.408) | (170) |
| 07 - Brunamál og almannavarnir .................. | **0** | | 11.325 | 990 | 706 | | | **13.021** | **(13.021)** | (12.573) | (448) |
| 08 - Hreinlætismál ........................................ | **7.420** | | 384 | 0 | 7.753 | | | **8.137** | **(717)** | (7.241) | 6.524 |
| 09 - Skipulags- og byggingamál .................... | **19.978** | 18.424 | 0 | 462 | 11.849 | | | **30.735** | **(10.757)** | (12.942) | 2.185 |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál ................. | **0** | 0 | 0 | 3.658 | 6.991 | | | **10.649** | **(10.649)** | (8.418) | (2.231) |
| 11 - Umhverfismál ....................................... | **94** | 767 | 100 | 0 | 3.268 | | | **4.135** | **(4.041)** | (3.656) | (385) |
| 13 - Atvinnumál ........................................... | **1.527** | 2.521 | 1.673 | 0 | 4.895 | | | **9.089** | **(7.562)** | (7.337) | (225) |
| 20 - Fráveita - vatnsveita - hitaveita ............. | **8.032** | 0 | 678 | 3.512 | 7.862 | | | **12.052** | **(4.020)** | (11.965) | 7.945 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður ...................... | **16.604** | 35.867 | 948 | 28.679 | 40.784 | | | **106.278** | **(89.674)** | (74.158) | (15.516) |
| 22 - Áfallin lífeyrisskuldbinding .................. | | | | | | | | **0** | **0** | | 0 |
| Málaflokkar samtals | **610.821** | 259.442 | 62.422 | 133.334 | 164.916 | 0 | 0 | **620.114** | **(9.293)** | 12.375 | (21.668) |
| 28 - Fjármagnsliðir: | | | | | | | | | | | |
| Vaxtagjöld ............................................... | | | | | | | 2.730 | **2.730** | **(2.730)** | (2.967) | 237 |
| Vaxtatekjur og arður ............................... | | | | | | | (29.168) | **(29.168)** | **29.168** | 26.917 | 2.251 |
| Vaxtatekjur, eigin fyrirtæki ..................... | | | | | | | (66.015) | **(66.015)** | **66.015** | 39.365 | 26.650 |
| | **610.821** | 259.442 | 62.422 | 133.334 | 164.916 | 0 | (92.453) | **712.567** | **83.160** | 75.690 | 7.470 |
| Þar af innri viðskipti | **(144.287)** | | | (133.334) | (10.953) | | 0 | **(144.287)** | **0** | | 0 |
| Aðalsjóður samtals | **466.534** | 259.442 | 62.422 | 0 | 153.963 | 0 | (92.453) | **568.280** | **83.160** | 75.690 | 7.470 |
| **Aðrir sjóðir og stofnanir:** | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður .................................................. | **134.919** | 603 | | 2.387 | 37.198 | 32.865 | 66.015 | **73.053** | **(4.149)** | 28.148 | (32.297) |
| | **134.919** | 603 | 0 | 2.387 | 37.198 | 32.865 | 66.015 | **73.053** | **(4.149)** | 28.148 | (32.297) |
| Þar af innri viðskipti | | | | | | 0 | 0 | **0** | **0** | 0 | 0 |
| Aðrir sjóðir | **134.919** | 603 | 0 | 2.387 | 37.198 | 32.865 | 66.015 | **73.053** | **(4.149)** | 28.148 | (32.297) |
| **Samtals** | **601.453** | 260.045 | 62.422 | 2.387 | 191.161 | 32.865 | (26.438) | **641.333** | **79.011** | 103.838 | (24.827) |